

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Hvanneyri – 311 Borgarnes

Sími: 430 4300 Fax: 430 4309 Netfang: fl@fl.is Veffang: www.fl.is

Alþingi

Erindi nr. Þ 132/1188

komudagur 7.3.2006
Hvanneyri 2. mars 2006


Nefndasvið Alþingis,
b.t. Ingvars Þórs Sigurðssonar,
ritara iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Varðar þskj. 473 – 391. mál, umsögn um byggðaáætlun 2006-2009; (mál nr. 06-041):

Með vísan til bréfs yðar frá 16. febr. s.l. fylgir hér með umsögn stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins um byggðaáætlun fyrir árin 2006 - 2009.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins.


Jón G. Guðbjörnsson.

Einnig sent á nefndasvid@althingi.is

Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 Þskj. 473 - 391. mál

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins álitur heildarsýn og samhæðar aðgerðir allra þeirra sem vinna að byggðamálum forsendu árangurs og góðrar nýtingar fjármuna til byggðamála. Stjórnin vill koma eftirfarandi ábendingum er varða Tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006–2009 á framfæri. Áhersla er lögð á þau viðfangsefni (aðgerðir) er varða beint starfssvið Framleiðnisjóðs sem og málefni er snerta landbúnað og/eða telja má sérstaklega mikilvæg fyrir íbúa dreifbýlisins (landbúnaðarhéraða).

3. Bætt fjarskipti:

Unnið verði áfram að því að tryggja fjarskipti og bæta gagnaflutningsmöguleika á landsbyggðinni í samræmi við fjarskiptaáætlun og stuðlað að því að jafnaður verði mismunur á kostnaði við flutningana.

Aðgangur að öflugum fjarskiptaneti er mikilvægur þáttur í rekstrarumhverfi fyrirtækja sem og forsenda þess að fólk geti nýtt margvíslega þjónustu, aflað sér þekkingar og notið þeirra lífsgæða sem nútíminn gerir kröfu um. Íbúar dreifbýlisins, þar með taldir bændur, eru sá þjóðfélagshópur sem býr við hvað slakastan aðgangur að öflugum fjarskiptanetum. Hér er því gerð sú tillaga að eftirfarandi setningu verði bætt við texta þriðju aðgerðar byggðaáætlunarinnar:

Sérstaklega verði hugað að því hvernig bæta megi aðgengi íbúa dreifbýlisins að öflugum fjarskipta- og gagnaflutningsneti.

8. Styrking atvinnuþróunar:

Stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni verði samhæft og starfið gert markvissara. Nýsköpunarmiðstöðinni á Akureyri og atvinnuþróunarfélögum verði áfram tryggður öruggur starfsgrundvöllur.

Leiðbeiningaþjónusta landbúnaðarins (héraðsráðunautar og ráðunautar Bændasamtaka Íslands) er mikilvægur þáttur í stoðkerfi nýsköpunar í sveitum. Mikilvægt er að tengja þessa starfsemi betur við starf annarra aðila stoðkerfisins s.s. atvinnuþróunarfélaganna og Impru. Í upptalningu á “öðrum þátttakendum” í aðgerð nr. 8 ætti því að bæta við eftirfarandi:

....., *stoðþjónustuaðilar atvinnuveganna s.s. leiðbeiningaþjónusta landbúnaðarins*

9. Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar:

Árið 2006 verði gerð áætlun um viðtæka eflingu rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni, m.a. á sviði orkumála, sjávarútvegs, ferðaþjónustu og landbúnaðar. Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið og fyrirkomulag samstarfs mótað. Samstarfið verði rekið sem þróunarverkefni út gildistíma byggðaáætlunarinnar.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er hlynnt þeim hugmyndum er fram koma í aðgerð nr. 9. Framleiðnisjóður hefur um árabil stutt á öflugan hátt við rannsóknir og nýsköpun er varða landbúnað í viðum skilningi og á nú þegar í góðu samstarfi við ýmsa aðila í því efni. Hér er því óskað eftir því að Framleiðnisjóði landbúnaðarins verði bætt við lista yfir “aðra þátttakendur” í þessari aðgerð. Stjórn Framleiðnisjóðs telur einnig mikilvægt að aðilar atvinnulífsins komi að þessari áætlanagerð svo að rannsókn- og þróunarstarf sé í takt við þarfir atvinnuveganna og hafi hagnýt markmið að leiðarljósi. Stjórn Framleiðnisjóðs vill jafnframt koma því á framfæri að áætlanagerð sem hér er kynnt er ekki líkleg til að skila árangri nema henni fylgi fjármögnun þeirrar eflingar rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar sem hér um ræðir. Hér er því gerð tillaga um eftirfarandi breytingu á annarri setningu textans:

... Í áætluninni verði skilgreind áherslusvið, fyrirkomulag samstarfs mótað og línur lagðar um fjármögnun nýrra verkefna.

11. Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum [og] 12. Efling símenntunar:

11. Kostir dreifmenntunar, þar sem aðferðum fjarkennslu og staðbundinnar kennslu er beitt saman, verði nýttir til að veita fjölbreytt námsframboð á öllum skólastigum með samstarfi skóla. M.a. verði stuðlað að samstarfi háskóla um fjarkennslu. Skilgreind verði ákveðin mörksvið í starfsmenntun á landsbyggðinni og unnið að eflingu þeirra í samstarfi framhaldsskóla, fyrirtækja og móðurskóla í starfsmenntun.

12. Framboð símenntunar á landsbyggðinni verði aukið í samstarfi símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Jafnframt verði stuðlað að samstarfi símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla um starfsmenntun fyrir fullorðna.

Öflugt framboð og gott aðgengi að fræðslu og nýrri þekkingu hvort sem slíkt er á formi styttri námskeiða (símenntun) eða umfangsmeira náms er forsenda framþróunar innan hvernar atvinnugreinar og í hverju byggðarlagi. Stjórn Framleiðnisjóðs fagnar því þeim áherslum er birtast í 11. og 12. aðgerð byggðaáætlunar. Stjórn Framleiðnisjóðs vill jafnframt leggja áherslu á að það starf sem unnið hefur verið af landbúnaðarháskólunum tveimur á Hvanneyri og Hólum sem og að hálfu Bændasamtakanna verði eftir því sem við á tengt á sem öflugastan hátt inn í frekari þróun á þessu sviði.

17. Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu:

Gerð verði úttekt á stöðu landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar á landsbyggðinni og greind helstu sóknarfæri og nýsköpunarmöguleikar þessara hefðbundnu atvinnugreina. Hugað verði að því hvort efla megi opinbera þjónustu við þessar atvinnugreinar á landsbyggðinni, t.d. með flutningi tiltekinna verkefna.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er hlynnt þeim hugmyndum er fram koma í aðgerð nr.17 í byggðaáætlun. Stjórnin vill þó koma því á framfæri að nauðsynlegt er að slíkri úttekt fylgi einnig áætlanagerð um hvernig nýta skuli þau sóknarfæri og möguleika er úttektin kann að leiða í ljós. Einnig telur stjórnin mjög nauðsynlegt að aðilar atvinnulífsins komi beint að þeirri vinnu sem aðgerðin lýsir til að tryggja að sem breiðust þekking á viðkomandi atvinnugreinum verði nýtt í greiningarvinnunni. Hvað landbúnaðinn snertir má nefna Bændasamtökin, búgreinasamtök og samtök ferðaþjónustubænda, sem og fræðslu- og leiðbeiningaþjónustuaðila í landbúnaði sem mikilvæga þátttakendur í slíku verkefni.

Stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillögu þessa.

Bjarni Guðmundsson
Elín Aradóttir
Gunnar Sæmundsson
Kjartan Ólafsson
Sveinn Ingvarsson